



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. mars 2015

Umsögn Örorkubandalags Íslands vegna tillögu til þingsályktunar um eflingu virkniúrræða fyrir atvinnuleitendur. Þingskjal 124 – 122. mál.

Þingsályktunartillagan felur í sér að efla eigi og fjölga virkniúrræðum fyrir fólk í atvinnuleit. Félags- og húsnæðismálaráðherra er falið að leita eftir samráði við Samband Íslenskra sveitarfélaga, Bandalag Háskólamanna, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins og að skila eigi tillögum fyrir 1. október 2015.

Samkvæmt þessu á að leita eftir samráði til þeirra sem málið er talið varða. Fatlað fólk er hluti þess hóps sem leitar eftir þjónustu Vinnumálastofnunar, við teljum því eðlilegt að helstu hagsmunasamtök fatlaðs fólks, Örorkubandalag Íslands og Landssamtökin Þroskahjálptaki þátt í þessari vinnu.

Í tillögunni kemur fram að nauðsynlegt sé að nýta lagaheimildir sem skylda fólk í atvinnuleit til að taka þátt í virkniúrræðum. Varast ber að þvinga fólk til þátttöku. Skoða ætti aðrar leiðir til að ná sömu markmiðum sem byggja á jákvæðri nálgun:

- Leggja ætti áherslu á að Vinnumálastofnun leiti úrlausna í samstarfi við fólk í atvinnuleit.
- Mikilvægt er að einhver hvati sé innbyggður í kerfið s.s. launagreiðslur sem viðbót við atvinnuleysisbætur, fyrir þátttöku í virkniúrræðum.

Benda má á að í orðinu „sjálfbóðaliðastarf“ felst frelsi einstaklingsins til að taka sjálfviljugur þátt í því starfi. Er þessi hugmynd um að nýta lagaheimildir því mjög þvingandi og á skjön við innihald hugmyndafræðinnar um sjálfbóðaliðastarf.

Bent er á að atvinnuleysi er í fáum sem engum tilvikum val, heldur aðstæður sem fólk lendir í. Þá geta ákveðnir þættir valdið því að fólk á erfitt með að komast aftur út á vinnumarkaðinn svo sem fötlun, aldur, búseta, menntun eða íslenskukunnátta.

Ekkert um okkur án okkar!

Með vinsemd og virðingu,

Ellen Calmon

Ellen Calmon,
formaður ÖBÍ